


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Málverk MYL504</b> <b>Námsáætlun haust 2016</b>	

**Kennari:** Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

**Viðtalstími:** Mánudagur 09:40-10:20

### Áfangalýsing

Nemandinn vinnur málverk með akríllitum. Hann leggur megináherslu á sköpunarferlið, frá eigin hugmynd að lokaniðurstöðu. Hann byggir upp rökrænt þróunarferli sem leið til markvissrar listrænnar niðurstöðu. Nemandinn vinnur rannsóknar- og tilraunavinnu þar sem engin leið er sjálfgefin. Myndefni er sótt í umhverfið og nemandinn vinnur á persónulegan hátt með sjónarhorn, myndmál, myndbygginu, form og lit. Nemandinn skoðar sköpunarferli nokkurra listamanna og kynnir sér málverk og önnur verk sem tengjast hugmyndum nemandans og áhugasviði. Nemandinn ígrundar og ræðir um verk sín og vinnuferli á öllum vinnslustigum í samvinnu við kennara og aðra nemendur.

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sköpunarferli frá fyrstu hugmyndum að fullkláruðu málverki
- mikilvægi rannsóknar og tilrauna og ígrundunar í sköpunarferlinu
- mismunandi hugmyndum og tækni-innán málverksins
- nokkrum listmálurum/listamönnum í sögu og/eða nútíma

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna eftir rökrænu ferli þar sem eitt vinnslustig tekur við af öðru
- nota mismunandi leiðir til að túlka myndefni sitt
- tengja formræna framsetningu við inntak verka sinna
- sýna persónulega afstöðu í vali myndefnis og úrvinnslu
- leita sér heimilda og skoða listamenn í tengslum við eigin sköpun
- meðhöndla efni og áhöld sem notuð eru við gerð málverka
- vinna sjálfstætt
- ígrunda verk sín sjálfur, með kennara og hóp

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta umhverfið sem innblástur að eigin verki
- nýta verk annarra listamanna sem innblástur fyrir eigin verk
- þróa eigin hugmynd með rannsóknar- og tilraunavinnu í málverk
- rökstyðja niðurstöður sínar með tilliti til faglegrar þekkingar
- fjalla um ólíkar aðferðir við vinnslu málverka
- ígrunda og fjalla um eigin verk og annarra á upplýstan og greinagóðan hátt og gera grein fyrir forsendum álits síns

**Áætlun um yfirferð** Vikuskipting til viðmiðunar. Nemendur verða samferða í byrjun en vinna svo sjálfstætt hver að sínu verki.

Upphitun og tækniæfingar (2 vikur)

Efnisöflun og hugmyndavinna (2 vikur)


Útfærsla og tilraunir (4 vikur)

Málverk (5 vikur)

Yfirferð á miðri önn og í lokin (1 og 1/2 vika)

Hver nemandi kynnir listamann að eigin vali fyrir hópnum um miðbik annar.

**Mikilvægt er að halda allri vinnu annarinnar til haga** (t.d. skissum, ljósmyndum, prufum, dagbókarskrifum) **og skila í lok annar ásamt tilbúnu málverki.**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Málverk MYL504</b> <b>Námsáætlun haust 2016</b>	

### Námsmat

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþáttar</b>	<b>Vægi</b>	
Verk	Afrakstur í tengslum við ætlan	15%	
	Notkun grunnreglna	15%	
	Vald á efnum og aðferðum	15%	
Vinnuferli	Opninn hugur, frumleiki, hugvitssemi	15%	
	Þor, eflist við ögrun, sjálfstæð rannsókn	15%	
	Vinnur úr upplýsingum, notar fyrirmyndir, ígrundar	15%	
Umræður	Tekur virkan þátt í umræðum um eigin verk og annara	5%	
Tengsl við listheim	Kynnir listamann fyrir hópnunum	5%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<b>Annað: Þættirnir eru metnir stöðugt á önn og í lok annar með leiðsagnarmati, sjálfsmati og kennaramati.</b>			

### Námsgögn

Dagbók, skissubók og blinddramma útvega nemendur sjálfir  
Önnur efni og áhöld svo sem pensla, liti, pappír, striga og grunn útvegar skólinn  
Net og bækur af bókasafni


Með fyrirvara um breytingar


**Símar eru velkomnir til náms**    **Opið hús 1. des**    **Verk skulu sótt á sýnidegi prófa**

*The small space between the pictures explanation and the picture itself provides the only possible perspective on the painting. Every picture is incomplete just as every memory is also incomplete (Luc Tuymans).*



*Gangi ykkur vel*

17 ágúst 2016  
  
 Undirritun kennara  
 Gæðahandbók 09: Námsáætlanir

  
 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Prent. dags.: 8/16/16